

Mennta- og barnamálaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Sendandi: Mennta- og barnamálaráðuneyti
Dagsetning: 06.06.2023
Málsnúmer: MRN23060010
Bréfalykill: 0.4.0
Tilgangur: Skv. beiðni

Efni: Afstaða mennta- og barnamálaráðuneytis til tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

I. Inngangur

Með tölvubréfi, dags. 19. maí 2023, óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir ábendingum og athugasemdum mennta- og barnamálaráðuneytis við tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum (þskj. 113, 113. mál. á 153. lögþ. 2022-2023).

Með tillögunni er lagt til að mennta- og barnamálaráðherra verði falið að setja fram áætlun um hvernig tryggja megi að í grunn- og framhaldsskólum starfi félagsráðgjafar sem nemendur geti leitað til. Átta umsagnir bárust allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Almenn lýstu umsagnaraðilar yfir ánægju með tillöguna en í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. nóvember 2022, kemur fram að sambandið leggist gegn samþykkt tillögunnar í óbreyttri mynd.

II. Afstaða ráðuneytisins

Ráðuneytið tekur undir markmið tillögunnar en telur mikilvægt að hún sé metin út frá áherslum stjórnvalda og yfirstandandi endurskoðun á þjónustu í þágu barna sem markvisst hefur verið unnið að síðan vorið 2018, einkum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021.

Með lögunum er þjónustuveitendum, t.d. innan skóla, félagsþjónustu og heilbrigðiskerfis, gert kleift að vinna saman svo hægt sé að veita samþætta þjónustu þvert á kerfi í þágu barnsins. Lögin leggja áherslu á mikilvægi þess að börn hafi aðgang að fjölbreyttri þjónustu. Aftur á móti dregur samþætting og samvinna þjónustuveitenda úr þörfinni á því að börn fái alla þjónustu hjá einni stofnun eða stjórnvaldi.

Að mati ráðuneytisins færi betur á því að leita annarra leiða til að tryggja börnum og fjölskyldum sem þurfa á þjónustu fjölbreyttra sérfræðinga, þar á meðal félagsráðgjafa. Tekið er undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga að við alla stefnumótun í menntakerfinu þurfi að taka mið af stærð aðstæðum um landið. Skortur á hinum ýmsu fagstéttum sem sinna þjónustu í þágu barna víða um land og hefur ráðuneytið áhyggjur af því að verði tillagan samþykkt muni reynast erfitt að koma henni til framkvæmda.

Mennta- og barnamálaráðherra áformar að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um skólajónustu á 154. lögjafarþingi. Með frumvarpinu er litið til þess að tryggja skólum stuðning, ráðgjöf og faglegt bakland ásamt því að efla þverfaglega samvinnu milli skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu í þágu barna og nemenda með hliðsjón af lögum nr. 86/2021. Ráðuneytið telur að fjölbreytt tækifæri felist í því að bæta þjónustu við börn innan þessa ramma þar sem félagsráðgjöf sé gert hátt undir höfði, þvert á skólastig þar sem leikskólar eru ekki undanskildir.